

Hverfisráð Hríseyjar

Íbúafundur 26/11/2009 haldið í Hlein 16.30. Mætt frá Akureyri, Hermann Jón Tómasson bæjarstjóri, Ómar Ívarsson og Margrét Guðjónsdóttir. Mætt frá Hverfisráði, Kristinn Árnason, Linda María Ásgeirsdóttir, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Guðrún Þorbjarnardóttir.

Auk þeirra sem upp eru taldir voru mættir 20 fundargestir.

Linda María setti fundinn og bauð aðkomna gesti og aðra velkomna. Linda María rakti störf Hverfisráðs á árinu 2009 og lauslega frá upphafi. Linda María lýsti ánægju sinni með það hve vel samstarfið við stjórnsýsluna á Akureyri gengur.

Linda stakk upp á Kristni Árnasyni sem fundarstjóra og Theodóru Kristjánsdóttur sem fundarritara, var það samþykkt.

Gengið var til dagskrár og fyrstur tók til máls Hermann Jón Tómasson bæjarstjóri. Hermann fór yfir rekstur bæjarins á árinu. Hann gerði grein fyrir halla sem reiknað var með í áætlunum ársins 2009. Hann sagði jafnframt frá því að tekjurnar væru meiri en áætlanir gerður ráð fyrir og hallinn yrði þar af leiðandi minni. Áætlanir gera ráð fyrir að endar náist saman árið 2010. Allra leiða er leitað til að spara, hagræða og því miður stundum, skera niður. Reyna að komast í gegnum þetta án þess að segja þurfi upp fólki. Frekar að draga úr yfirvinnugreiðslum. Hermann hvatti fólk til að vera ekki of svartsýnt, heldur líta á ástandið sem tímabundið og þetta væri verkefni sem þyrfti að vinna.

Hermann fór yfir málefni Hverfisráðsins m.t.t. stjórnsýslunnar á Akureyri. Nú er reynslutíminn, þrjú ár, liðinn. Vilja menn sjá þetta með svipuðu sniði áfram eða einhvern veginn öðruvísi en verið hefur.

Orðið laust.

Narfi spurði hvort spursmálið um Hverfisráð væru krónur og aurar og hvort hlutverk þess væri eitthvað að vefjast fyrir mönnum. Hermann svaraði að kostnaðurinn væri ekki endilega það eina sem menn væru að hugsa um heldur bæri að endurskoða þetta núna þar sem reynslutíminn væri liðinn. Nokkrir tóku til máls, almennt, Linda María, Kristinn, Þorgeir, Hermann Jón, menn voru sammála um að þessu skyldi haldið áfram í óbreyttri mynd. Með þau skilaboð fer Hermann Jón í stjórnsýsluna á Akureyri og svo er að sjá hvað kemur út úr því.

Margrét Guðjónsdóttir fór yfir málefni heilsugæslunnar. Rakti þróun hennar frá því Akureyrarbær tók við heilsugæslunni af ríkinu. Pétur Steinþórsson spurði hvar það mál væri stadd í kerfinu, að heilsugæsla í Hrísey færðist til Akureyrar. Margrét svaraði því að fyrir dyrum væru samningar við ríkið um nýjan samning við heilsugæsluna á Akureyri og þá væri þetta tekið með inn í þær umræður. Linda sagði frá samtali sínu við yfirlækni Heilsugæslustöðvar Dalvíkur, Guðmund Pálsson. Hann boðar betri þjónustu þar sem hann er ekki lengur einn við störf. Nokkrir lýstu skoðunum sínum og reynslu af heilsugæslunni á Dalvík. Þeir sem tóku til máls voru, Þorgeir Jónsson, Þróstur Jóhannsson, Theodóra Kristjánsdóttir. Lögðu þau inn nokkra punkta af sinni reynslu af þjónustu sjúkraflutinga og

lækna. Fólk ekki á einu máli um gæði þjónustunnar frá Dalvík en fram kom að ekki hefur komið læknir frá Dalvík í rúmar 5 vikur.

Ómar Ívarsson fór yfir skilgreiningu aðalskipulags almennt. Hann kynnti vinnu sem er hafin við aðalskipulag í Hrísey. Að þeirri vinnu kemur Hverfisráðið, skipulagsdeild Akureyrarbæjar ásamt Ómari Ívarssyni. 1. tillaga að nýju skipulagi verður svo kynnt íbúum Hríseyjar á fundi í janúar 2010.

Pétur Steinþórsson kynnti breytingar á ferjuáætluninni. Upphafið má rekja til ákvörðunar Vegagerðarinnar að skera niður um 10%. Eyfarsmenn fóru yfir þetta mál og lögðu það fyrir Hverfisráð og þetta var niðurstaðan, áætlunin sem kynnt var á fundinum. Margir tóku til máls, Ingimar Ragnarsson, Linda María Ásgeirsdóttir, Þorgeir Jónsson, Dagný Möller, Theodóra Kristjánsdóttir, Þróstur Jóhannsson, Aðalsteinn Bergdal, Narfi Björgvinsson, Heimir Sigurgeirsson. Margar skoðanir og mismunandi, allt eftir því hvernig fólk notar ferjuna. Það sem hentar einum er ómögulegt fyrir annan. Ekki komu fram aðrar tillögur að breytingu á áætluninni ef frá er talin tillaga Aðalsteins Bergdal. Hann lagði til að ein ferð á dag yrði skorin niður alla daga ársins, þá væri markinu náð og rúmlega það, 365 ferðir. En Vegagerðin krefst þess að niðurskurðurinn verði amk 330 ferðir á ári.

Næst var kosning í Hverfisráð, eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér, Aðalsteinn Bergdal, Guðrún Þorbjarnardóttir, Kristinn Árnason, Linda María Ásgeirsdóttir og Víðir Björnsson.

Þetta var samþykkt og er ofangreindir aðilar það fólk sem skipar Hverfisráð næsta árið. Varamenn eru Ingimar Ragnarsson, Narfi Björgvinsson, Theodóra Kristjánsdóttir og Þróstur Jóhannsson.

Önnur mál. Þorgeir Jónsson bað um orðið og vildi ræða umferðarmenningu í Hrísey. Þorgeir lýsti óánægju sinni með umferðarmenninguna almennt, vill láta senda bréf á snjósleðaeigendur með reglum um notkun sleða í byggð. Eins vill hann láta fylgja eftir lögboðinni skoðun ökutækja. Krafa er sú að lögum sé fylgt í þessu máli í Hrísey eins og annars staðar á landinu. Umferðarmálin rædd almennt, Þróstur Jóhannsson, Narfi Björgvinsson, Heimir Sigurgeirsson, Kristinn Árnason, Pétur Steinþórsson, Linda María Ásgeirsdóttir, Theodóra Kristjánsdóttir og Hermann Jón Tómasson tóku til máls og voru í grófum dráttum sammála um að hér þyrfti að breyta hugsunarhætti fólks til að ná árangri í umferðarmenningu. Fólk mætti ekki halda að hér væri í lagi að fara ekki að lögum því við værum í Hrísey. Ómar Ívarsson benti á að upplagt væri að taka umferðarmál inn í komandi skipulagsvinnu.

Narfi Björgvinsson spurði út í aukinn hraða á Internettengingu. Linda María gat fært þær ánægðulegu fréttir að innan 6-7 vikna verði búið að auka hraðan verulega.

Fleira var ekki tekið fyrir og Kristinn Árnason sleit fundi kl 18.30.

Hermann Jón þakkaði fyrir góðan fund.

Theodóra Kristjánsdóttir, fundarritari.